



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

14. júlí 2011

28. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Flug upp á líf og dauða

„Í um aldarfjórðung lagðist ég aldrei á koddann öðruvísi en að eiga von á því að vera vakinn upp um nótt,“ segir Hörður Guðmundsson, stofnandi flugfélagsins Ernis, sem á stundum hefur verið kallaður bjargvættur Vestfjarða fyrir margra ára sjúkraflug á svæðinu. Á miðopnu í dag segir hann frá margra ára ötu starfi við rekstur félagsins og tímamótunum sem nýliðinn 65 ára afmælisdagurinn fól í sér.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Fagna niðurstöðum díoxínmælinga

„Það er mikið fagnaðarefni að mælingar sýni að ekkert sé því til fyrirstöðu að hefja landbúnað að nýju í Engidal. Í sumar stendur yfir tilraunaeldi í dalnum og standa vonir til að niðurstöður þeirra renni frekari stoðum undir framtíðarnýtingu dalsins,“ segir í tilkynningu frá Ísafjarðarbæ. „Ekki þarf að hafa áhyggjur af því að rækta í jarðvegi í Engidal, tína

ber eða nýta aðrar náttúruafurðir. Þetta sýna mælingar á styrk díoxína í jarðvegi á svæðinu sem Umhverfisstofnun framkvæmdi í febrúar.“

Umhverfisstofnun birti í síðustu viku niðurstöður díoxínmælinga um land allt. Við mælingarnar var stuðst við þýsk umhverfismörk þar sem engin slík mörk eru til varðandi díoxín í

íslenskum reglugerðum. Alls voru teknar átta mælingar í dalnum og sýndu sjö þeirra gildi undir 5 pg/g, en slíkar mælinganiðurstöður krefjast engra aðgerða. Eitt jarðvegssýni og eitt sýni úr sjávarseti á botni fjarðarins féllu í næsta aðgerðarflokk, 5-40 pgg, en þá er farið fram á að minnka eigi áhrif uppsprettu díoxína í nágrenninu. Sýni í Holtahverfi

féll í sama flokk, sem og sýni úr eldstæði á Hauganesi og annað tveggja sýna sem tekin voru í Hnífsdal.

Eins og kunnugt er var sorpbrennslunni Funa lokað um síðustu áramót og fjöldi ára er síðan sorpbrennslunni á Skarfaskeri var lokað, þannig að ekki verður um að ræða frekari útblástur díoxína frá þess háttar starfsemi.

Tilraunaeldi hafið í Engidal

Tilraunaeldi á sauðfé í Engidal í Skutulsfirði er hafið. Það er Landssamband sauðfjárbænda sem stendur fyrir tilrauninni í samráði við Matvælastofnun, sem sér um sýnatöku og efnagreiningu. Tímamörk tilraunarinnar er óráðin en líklega verður féð á beit í sumar og fram í byrjun október. Þrjár ær og 4-5 lömb eru nú á beit í afmörkuðu hólfi um 600 metrum fyrir sunnan Funa en sorpbrennslunni var hætt um síðustu áramót.

Jarðvegsmælingar Umhverfisstofnunar hafa sýnt að ekki þarf að hafa áhyggjur af ræktun í jarðvegi í Engidal, berjatínslu eða nýtingu annarra náttúruafurða. Auk þess hefur það mat fengist hjá Umhverfisstofnun að ekki þurfi að takmarka nýtingu úr ám og sjó eins og fiskveiði og skelfisktínslu.

– asta@bb.is

Tekur niðurstöðunum með fyrirvara

Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal í Skutulsfirði, tekur niðurstöðum jarðvegsmælinga Umhverfisstofnunar með fyrirvara og segist ekki sjá neitt jákvætt við málið. Það eigi ekki síst við um þá niðurstöðu að díoxín finnist ekki í eins miklu magni í jarðvegi á hans landi eins og óttast var. Þar vitnar Steingrímur af greinargerð Umhverfisstofnunar þar sem segir að lítið díoxín í jarðvegi megi rekja til þess að

skepnurnar hans hafi étið það í beit eða með fóðri sem þeim var gefið áður en það náði að setjast í svörðinn. Steingrímur missti allan sinn búpening vegna díoxínmengunar sem í skepnunum mældist. Voru það 20 nautgripir og 80 fjár.

„Það má vera að þetta sé jákvætt, en það sem ég les út úr þessu er að ég hreinsaði mengunina upp jafnóðum. Þar sem var slegið og bitið er hreinna en

landið í kring. Þetta kom því ekki í veg fyrir að ég og dýrin mín menguðumst. Díoxín mælist 60 prósent yfir mörkum í mér og piltinum í stöðinni [starfsmaður Sorpbrennslunnar Funa],“ segir Steingrímur. „Eftir að hafa kynnt mér hvernig þessi sýni voru tekin er svolítið vantraust í mér. En þetta eru sérfræðingarnir svo kannski á ég ekki að rengja þá.“

Bóndinn bætir því við að í raun sé eina sýnataka sem skipti hann

máli hafi verið blóð og mjólkursýni úr dóttur hans sem sýndi mun lægri tölur en hjá honum sjálfum. Hún var með barn á brjósti þegar hún bjó í foreldrahúsum.

Þegar Steingrímur er spurður hvort hann hyggi á búskap á jörðinni í framtíðinni segir hann allt of snemmt að svara nokkru um það. Hans réttindamál séu óljós og milljóna fjárfesting sé að koma sér upp bústofni að nýju.

Ögurballið um helgina

Hið víðfræga Ögurball verður haldið samkomuhúsinu í Ögri í Ísafjarðardjúpi á laugardagskvöld. „Það er mjög góð stemmning fyrir ballinu eins og vanalega. Fólk hefur alltaf mikinn áhuga og fastagestirnir eru farnir að hafa samband strax á haustin til að geta skipulagt næsta sumarfrí í kringum ballið,“ segir Halla María Halldórsdóttir, einn af skipuleggjendum ballsins.

Ögurballið er jafnan vel sótt og skemmtilegt en á svæðinu myndast sérstök stemmning þar sem jafnan er fjöldi fólks, innandyra sem utan. Að vanda verður ballgestum boðið upp á hinn margfræga rabbabaraþrátt með rjóma að hætti Maríu Guðröðardóttur, húsfreyjunnar í Ögri. Það er dúettinn Halli og Þórunn sem ætla að sjá um stuðið eins og þeim einum er lagið,“ segir Harpa.

Mikil hefð var fyrir þessu fornfræga balli á fyrri tíð. Þá gerðu nærsveitungar sér ferð í Ögur og dönsuðu fram á rauðanótt í samkomuhúsinu, en dansiballamenningin er í það minnsta jafngömul húsinu sem byggt var árið 1926. Dansleikir lágu niðri um um árabíl en mörgum til mikillar gleði var hefðin endurvakin.

– thelma@bb.is



Ólympíufarinn og bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Daníel Jakobsson, var í sigurliðinu og ræddi við fjölmiðla.

Hörkuspennandi leikur í drullunni

Hörkuspenna var í leik úrvalsliðs Guðjóns Þórðarsonar, þjálfara BÍ/Bolungarvíkur, og stjörnu-liðs Mýraboltans á Ísafirði á mánudagsmorgun. Leikurinn var framlengdur en þá skoraði stjörnu-lið Mýraboltans sigurmarkið í vítaspyrnukeppni. „Þetta var mjög spennandi og skemmtilegur leikur og aðstæður hinar bestu,“

segir Jóhann Bæring Gunnarsson drullusokkur Mýraboltans. Leikurinn hóf mýraboltatímabilið en þá tókust á lið harðsnúinna knattspyrnumanna að vali Guðjóns og hópur harðsnúinna kappa sem drullusokkurinn handvaldi. Þess má geta að í úrvalsliði Mýraboltafélagsins er ólympíufarinn og bæjarstjórinn Daníel Jakobs-

son.

„Þetta var fyrsta rönnið á svæðið og það lofar bara góðu. Vellirnir verða frábærir í ár,“ segir Jóhann og bætir við að skráningar fari vel af stað. „Það eru komnar tíu skráningar sem er mjög fínt miðað við tímann sem er í mót. Við vonum bara að það eigi eftir að fjölga og verða metþáttaka í

ár. Ég hef trú á að svo verði, þannig er allavega tilfinningin þar sem við fáum mikið af fyrirspurnum og heimsóknunum á heimasíðuna.“

Mýraboltamótið sjálft fer fram á Ísafirði um verslunarmannahelgina og er eina löggilta mýraboltamót landsins.

– thelma@bb.is

BONUS BONUS



BÓNUS PYLSUR 10 STK.

Bónus pylsur 10 stk. (u.p.b 480g) ca 285 kr. pakkinn

599 KR.KG

PYLSUPAKKINN U.P.B

285 KR.



BONUS BONUS



579 KR.PK

SS PYLSUR 10 STK. 560g

30 ÞÚS PAKKAR Í BÓÐI Á ÞESSU VERÐI



198 KR. 570 g

HEINZ TÓMATSÓSA 570g



139 KR. 5 stk.

BÓNUS PYLSUBRAUÐ



359 KR. 300ml

FABRIKKUSÓSAN



NAUTA Veisla

RISA HAMBORGARI

FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR 100% HREINT NAUTAKJÖT

10x100 GRÖMM **1398 KR.**
4x175 GRÖMM **998 KR.**

FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS



198 KR. 100 g

STEIKTUR LAUKUR 100g



FORELDAÐ PARF AÐEINS AÐ HITA

279 KR. 700g

GRILL-KARTÖLFUR 700g



29 KR. 85g

EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g



HEIMA EINNÖTAGRILL **359 kr.**
HEIMA GRILLVÖKVI 1 ltr. **398 kr.**
HEIMA GRILLBAKKAR 4 stk. **159 kr.**



139 KR. 4 stk

EXTRA STÓR HAMBORGRABRAUÐ



379 KR.

100g GRANDOS INSTANTKAFFI



198 KR. 300g

HILL KREMKEK CUSTARD CREAM



198 KR. 300g

HILL KREMKEK BOURBON 300g



159 KR. 125g

KEX M.SÚKKULAÐIÞLÖTÚ 125g



159 KR. 125g

SÚKKULAÐIBITA-KÖKUR 125g



YUM YUM NÚÐLUR 70g 98 KR.



COKE LIGHT- ZERO 195 KR. 2 LTR



7 UP- EGILS MIX 2 LTR. 195 KR. 2 LTR



FJÓRAR COKE 1.5 LTR. 659 KR. SAMTALS 6 LTR.



CRUNCHY CHOCOLATE 98 KR. 120g



Maryland COCONUT & CHOC CHIP 98 KR. 150g



69 KR. STK

MOUNTAIN DEW - MIX - APPELSÍN - PEPSI - PEPSI MAX 33 CL DÓSIR

BONUS BÝÐUR BETUR

Talsmaður Vestfjarða

Fjölmíðlamaðurinn þjóðþekkti Hemmi Gunn hefur gegnt fjölda starfa á lífsleiðinni. Frá unga aldri hefur hins vegar einnig haft með höndum óopinbert starf, og ólaun-að, sem nokkurs konar talsmaður Vestfjarða. Hann hefur verið heillaður af landshlutanum frá því hann tók fyrstu skref sinn sem kúasmali í Haukadal í Dýrafirði og notar hvert tækifæri sem gefst til að lofsyngja hann í eyru landsmanna. Hann sagði blaðamanni frá ástarsambandi sínu við Vestfirði, sælustundunum í Haukadal og þeim miklu mætum sem hann hefur á höfðingjanum Jóni Sigurðssyni.

„Eins og að koma heim“

Ástarsamband Hemma við Vestfirði hófst á sjötta aldursári hans. „Þá bauðst mér að fara í Haukadal í sveit, til hjóna sem þá voru að hefja búskap. Bóndinn var úr Keldudal í Dýrafirði og var að vinna fyrir sunnan. Þar nældi hann sér í stúlku af Snæfellsnesi, hana Unni mína. Þau fluttu vestur og fóru að búa í Haukadal,“ útskýrir Hemmi.

„Hún hafði séð mér bregða fyrir. Hún leigði nefnilega á Bárugötunni, þar sem foreldrar mínir bjuggu og tók eftir því að ég gat hreinlega ekki gengið, bara hlaupið – ég var á eftir bolta allan daginn. Hún var fljót að sjá fyrir sér að þarna færi finni kúasmali og bauð foreldrum mínum að taka mig í sveit,“ segir Hemmi og brosir.

Hann hélt vestur og sinnti kúasmalastarfinu nokkur sumur í röð. „Þetta voru yndisleg sumur. Þá var mikil barnamergð í Haukadal og búið á öllum bæjum, það var mikið íþróttalíf og svona. Þessi hjón eru líka engu líka, alveg stórkostleg. Þeim varð reyndar aldrei barna auðið, en voru með tugi barna í sveit hjá sér,“ segir Hemmi, sem leið strax vel í Haukadal. „Mér fannst einhvern veginn, þegar ég kom þangað, að ég hefði verið þarna áður. Þetta var bara ást við fyrstu sýn. Mér leið alveg eins og heima hjá mér,“ segir hann frá.

Bestu jólin í Dýrafirði

Báðir afar Hemma eru úr Dýrafirðinum, þó hann hafi ekki verið mjög meðvitaður um þau ættartengsl þegar hann dvaldist fyrst í sveitinni. „Ást mín á þessum stað og Dýrafirði minnkaði hins vegar ekki þegar ég komst á slóðir afa minna beggja. Þá kom náttúrulega í ljós að ég á fullt af skyldfólki á Þingeyri, í Hjarðardal og

víðar, sem ég hitti sumt á hverjum degi þegar ég er fyrir vestan,“ segir Hemmi, sem hefur alla tíð ræktað venskap sinn við hjónin í Haukadal.

„Mér þótti svo vænt um þessi hjón, sem ég hef alltaf kallað föstra minn og föstru. Ég átti náttúrulega mína foreldra í Reykjavík, en ég ræktaði alltaf sambandið við þau og hef reynt að fara þrívær, fjórum sinnum á ári til þeirra. Svo dó föstri minn, eins og ég kalla hann, fyrir nfu árum. Frá þeim tíma höfum við alltaf verið saman á jólum og áramótum, bara tvö úti í dalnum, ég og Unnur, föstra mín. Það eru bestu jól sem ég hef nokkurn tíma átt, þarna með henni í kyrrðinni,“ segir Hemmi frá.

„Síðustu átta nýársnætur hef ég alltaf fengið sama veðrið; heiðskirt og hjarn yfir. Þegar ég er búinn að knúsa hana á miðnætti fer ég út að ganga með tíkina Lubbu. Tungsljósið hefur þá lýst upp þetta magnaða leiksvið í Haukadalnum og vestfirsku Alp-ana. Það er einhver alsæla sem maður kemst í þá,“ segir hann dreyminnum rómi. „Maður er bara einn í heiminum. Ég hef alveg kolfallið fyrir þessu. Þetta er minn sælureitur,“ segir hann.

Hrifinn af Hrafnseyri

Ekki minnkuðu tengsl Hemma við Vestfirði þegar honum bauðst að gegna starfi safnstjóra á Hrafnseyri tvö sumur. „Hann Hallgrímur Sveinsson vinur minn og bókaútefandi bauð mér þetta,“ segir Hemmi. „Hann er alveg ótrúlegur maður og er að vinna björgunarstarf fyrir Vestfirði, með því að gefa út bækur fyrir Vestfirðinga og svo framleiðis. Ég sá til dæmis mynd af langafa mínum í fyrsta skipti í bók hjá honum,“ bætir hann við.

Þegar til stóð að

fagna afmælisári Jóns Sigurðssonar með venju fremur glæsilegum hátíðahöldum á Hrafnseyri á þjóðhátíðardaginn fannst Hemma því ekki koma annað til greina en að hann væri viðstaddur. „Ég ákvað nú bara sjálfur að það skyldi vera þannig að ég væri þarna með útsendingu fyrir Bylgjuna. Þessi stórkostlegu sumur á Hrafnseyri komst ég aðeins inn í heim Jóns Sigurðssonar og mér þykir mjög vænt um staðinn. Það kom ekki annað til greina en að vera þarna á sautjándá júní,“ segir Hemmi, sem viðurkennir að hafa fundist það skýtið að góðvinur hans, Hallgrímur, hafi ekki verið heiðraður á einhvern hátt í hátíðardagsskránni.

„Hann var á Hrafnseyri í 40 ár, jafn lengi og séra Böðvar Bjarnason, afi Ragga Bjarna, og margfalt lengur en Jón Sigurðsson sjálfur!“ segir Hemmi. „Mér þótti svolítið undarlegt að hann og kona hans skyldu ekki fá einhverja viðurkenningu fyrir það starf á sautjándanum. Þau hjónin héldu þessum stað uppi í fjölda ára,“ bætir hann við.

Hemmi kvaðst hafa fengið tækifæri til að kynna sér nýja og glæsilega sýningu á Hrafnseyri, þó hann segist sakna þeirrar gömlu. „Það voru þarna húsgögn úr búi séra Sigurðar, auk annarra sem komu annars staðar frá en voru frá svipuðum tíma og mjög sambærileg því sem hann átti.

Það auðveldaði manni mikið að útskýra heimilishaldið og lífshætti fyrir fólki, að segja frá þessum dvergum sem bjuggu þarna, því allt var þetta mjög lágvaxið fólk,“ segir hann og slær á létta strengi.

Íslendingar vita lítið um Jón

Hemmi segir það hafa komið sér verulega á óvart hversu lítið Íslendingar viti um þjóðhetjuna. „Maður var mjög undrandi á því að útlendingar virtust oft vita miklu meira um Jón en Íslendingar. Útlendingarnir heyra af þessum stað og hver hafi búið þar og þá lesa þeir sér til. Þeir koma mjög vel undirbúnir,“ segir Hemmi, sem segir hið sama allsendis ekki vera uppi á teningnum með íslenska gesti. „Ég fékk alveg sting í hjartað þegar ég sá viðtöl við krakka niðri á Austurvelli í sjónvarpinu í tengslum við þjóðhátíðardaginn. Þeir voru spurðir hver Jón Sigurðsson hefði nú verið og það vissi það enginn. Foreldrar mínir vita það ekki heldur,“ segir Hemmi, sem finnst sú vankunnátta afar dapurleg.

„Ameríkanarnir sem komu á safnið til mín sögðu alltaf að ef þessi maður hefði fæðst í Bandaríkjunum væri stytta af honum með geislabaug í stað frelsisstyttunnar, hann væri svo mikil þjóðhetja. En við þekkjum hann varla. Mér finnst það sárt, að maður sem afrekaði jafn mikið og gerði Ísland að þjóð meðal þjóða sé jafn lítið þekktur hér og raun ber vitni,“ segir Hemmi, sem bendir á að Vestfirski forlagið hafi til dæmis gefið út handhægar bækur um Jón.

„Það er til bók sem Hallgrímur hefur gert, í stóru broti en stutt og laggóð, sem inniheldur öll helstu atriði úr lífi

Jóns og Ingibjargar. Það er hægt að lesa hana á tveimur tímum og fá söguna beint í æð. Svona bók ætti bara að dreifa í alla skóla, finnst mér, til að upplýsa ungvíðið og þá sem eldri eru. Það á ekki bara að minnast Jóns á hátíðarstundum, það er miklu meira varið í hann, alla hans dynti og persónu hans,“ segir Hemmi.

„Þarna var á ferðinni maður sem þorði að synda á móti straumnum og fara á móti öllum þingmönnum, enda átti hann fullt af öfundarmönnum, ekki síst á Vestfjörðum!“ segir hann og hlær við. „Alltaf virtist hann líka hafa rétt fyrir sér. Eitt besta dæmið er þegar átti að endurreisa Alþingi og allir þingmenn og öll þjóðin vildi eindregið að það yrði endurreist á Þingvöllum. Þá hló Jón bara og spurði hvaða fíflangangur þetta væri eiginlega. Það ætti auðvitað að reisa þetta í kaupstaðnum þar sem væru gisti- staðir og íbúðir, bókasöfn og annað fyrir þingmenn. Hann hafði sigur í þessu eins og öllu öðru, en svo dó hann því miður tveimur árum áður en húsið var tekið í notkun,“ segir Hemmi frá, og er augljóslega hrifinn af þjóðhetjunni. „Mér finnst þetta mjög skemmtilegt. Hann kom alveg með nýjar víddir inn í okkar þjóðfélag og ég vona bara að fólk fari nú að kynna sér Jón almennilega,“ bætir hann við.

Ætlaði að verða lögfræðingur

Hemmi hefur nú verið í fjölmíðlabransanum áratugum sam- an, en hann kveðst þó aldrei hafa ætlað sér það. „Ég datt bara inn í þetta einhvern tíma í fornöld og sit ennþá fastur hér. Ég er ennþá að hugsa hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór, sko,“ segir hann og hlær við.

Sem óopinber talsmaður Vestfjarða hefur starfið hins vegar gagnast honum vel. „Ég hef reynt allt sem ég hef getað til að halda Vestfjörðum hátt á lofti í fjölmíðlum og nýtt hvert einasta tækifæri til að tala um þessa einstöku fegurð. Mér hefur orðið svo vel ágengt að allir vinir mínir sem hafa verið á leiðinni í einhvern tíma hafa látið verða af því að fara vestur. Þeir hafa komið og skynjað þessa fegurð sem við sem höfum verið hér fyrir vestan þekkjum öll,“ segir Hemmi, sem segir hvergi betra að hlaða batterín.

„Ef ég er að vinna mikið skýst ég kannski til Unnar





minnar í Haukadal, er í fjóra, fimm daga og kem svo endurhlaðinn af orku í bæinn og frið í hjarta. Ég er nú svo lánsamur að vera kominn með býsna mikla innri ró, svo ég kann sérstaklega vel að meta þetta,“ segir hann og brosir. „Svo er það orkan. Það þýðir ekkert að segja þetta við fólk fyrir sunnan, að það sé orka í fjöllum, en við sem lifum hérna í návígi við þetta, við finnum það. Það er bara svoleiðis,“ bætir hann við.

Hemmi kveðst hvergi ætla að slá af í því að tala vel um Vestfirði. „Nei, enda stend ég svo vel að vígi að geta troðið þessu inn í hausinn á fólk í gegnum fjölmiðla. Ég er svo mikill lukkunnar pamiðill að ég er búinn að gera allt sem hægt er að gera í útvarpi og sjónvarpi. Ég hef gert einhverjar fimmtán tegundir af sjónvarpsþáttum, fyrir börn og unglinga, um skák og íþróttir, skemmtiþætti, áramótasöfn og allt sem nöfnum tjáir að nefna. Svo finnst mér alltaf útvarpið skemmtilegri miðill og ég er svo heppinn að geta valið mér verkefni. Núna undanfarin ár hef ég verið á Bylgjunni og finnst það alveg ljómandi gott. Ég er í þessari Bylgjulest að ferðast um landið. Ég alveg elska þetta, ég er svo mikill sveitamaður í mér að ég þrái ekkert heitar en að komast út á land og vera þar í friði og ró með góðu fólk,“ segir Hemmi, sem kveðst afar ánægður með starf sitt, þó hann hafi aldrei reiknað með því að fara í fjölmiðla, heldur ætlað að gerast „lélægur lögfræðingur“.

„Já, ég ætlaði að verða lögfræðingur, og ég hefði orðið ofboðslega lélægur. Ég er allt of góður í mér,“ segir hann og hlær. „Þetta ákvað ég eftir frænda mínum, yngsta bróður pabba. Hann gifti sig seint, hló mikið og ferðaðist víða. Hann var lögfræðingur, svo ég hélt eðlilega að það væri draumastarfið, að lögfræðinni myndi fylgja það að gifta sig seint, sem mér virðist nú ætla að takast, ferðast víða, eins og ég geri og hlæja mikið, eins og ég geri. Nú er ég hins vegar búinn að átta mig á því að þessi lífsmáti hefur sennilega ekki tengst starfstitlinum,“ segir hann brosandí að lokum.

– Sunna Dís Másdóttir.



Fjölmenni var á Sæluhelgi á Suðureyri um helgina.

Vel tókst til á Sæluhelginni

Sæluhelgin á Suðureyri var haldin í 24. sinn um helgina. Að sögn Sturlu Páls Sturlusonar, eins af skipuleggjendunum, fór hátíðin vel fram. Gestir mættu óvenju snemma í ár. Fólk streymdi í bæinn á miðvikudagskvöld og á fimmtudag voru vagnar og tjöld í flestum stæðum bæjarins. Sturla áætlað að minnsta kosti 800 manns hafi verið í bænum um helgina. „Það mættu mun fleiri en við áttum von á. Við vorum með 700 merki til að selja inn á hátíðina en þau seldust upp. Veðrið var líka mjög gott, það hefur alltaf áhrif á fjölda þátttakenda hjá okkur.“

Mikið var um að vera alla helgina og var dagskráin með hefðbundnu sniði. Hátíðin var formlega sett með fjölskylduhátíð og grilli á Freyjuvöllum. Í kjölfarið var haldinn stórdansleikur í Félagsheimili Sýngfirðinga þar sem Benni Sig og hljómsveitin Xpress héldu uppi fjörinu fram á nótt. Á laugardagskvöldinu var Sælukráin opin í Félagsheimilinu. Þar rifjuðu gamlar kempur úr sýngfirskri tónlistarsögu upp gamla

takta.

Á markaðstorginu var meðal annars seldur tælenskur matur, harðfiskur og hannyrdir. „Markaðstorgið hefur stækkað ár hvert, í upphafi voru þar aðeins þrír til fjórir básar og það var aðeins haldið á sunnudögum. Í ár voru básarnir um fimmtán og torgið var opið alla helgina.“ Handverkshúsið Milli fjalla var opið, hægt var að fara í þorpsgöngu undir leiðsögn Jóhanns Bjarnasonar og fjallgöngu á Hádegishorn með Önnu Bjarna. Þá var fjósið í Botni opið fyrir gesti og gangandi.

Um 100 þátttakendur voru í Mansakeppninni í ár. Þar veiddist sá allra minnsti marhnútur sem veistið hefur á hátíðinni. „Hann var rétt rúmlega 15 grömm, það var varla að hann sæist“ segir Sturla. Keppendur í Vestfjarðavíkingnum kepptu í réttstöðulyftu. Kempurnar kepptu líka í sinadrætti þar sem þeir drógu fjórhjól yfir sinu og upp í brekku. Heimahúsmæður fóru með sigur úr bítum í fótbolta húsmæðra er þær kepptu í hörkuleik við að-



komuhúsmæður. Leikurinn endaði með jafntefli 2-2 og varð því að blása til vítaspyrnukeppni þar sem heimahúsmæðurnar mörðu sigur að lokum við mikinn fögnuð áhorfenda.

Sæluhelgarútvarpið var í loftinu alla helgina. „Útvarpið fékk góðar viðtökur en það er nýjung hérna á hátíðinni hjá okkur. Við heyrðum um marga sem voru

tvístígandi um að koma en ákváðu að skella sér hingað vestur eftir að hafa hlustað á útvarpið. Við vorum meðal annars með viðtöl við brottfluttan Sýngfirðing í útlöndum,“ segir Sturla ánægður með helgina.

Að ári verður Sæluhelgin 25 ára og þá er aldrei að vita nema blásið verði til sérstakrar afmælisælu á Suðureyri.

– asta@bb.is



Ísbjörn afhjúpaður á Ísafirði

„Ísbjörn á Ísafirði“ var afhjúpaður í galleríinu Búrinu á Ísafirði á föstudag en þar er um að ræða sýningu á skúlptúr úr mósaík. Listamaðurinn Matthildur Helgadóttir Jónudóttir segir opnunina hafa gengið mjög vel, fjöldi fólks hafi sótt hana og þó nokkrir hafi aðstoðað við að sýningin færi sem best af stað. „Við fengum ís frá frá köllunum niðri á höfn sem ég setti í botninn á búrinu og svo þurfti ég að fá aðstoð Barða á gröfunni til að koma ísbirninum á staðinn. Það fylgja því ýmis vandkvæði þegar maður gerir verk sem maður getur sjálfur ekki loftað,“ segir Matthildur. Hún segir hugmyndina hafa kviknað fyrir tveimur árum. „Þegar ísbirnir fóru að koma aftur á land fóru ýmsar sögur á kreik þar sem fólk sem var að ferðast um í óbyggðum þóttist sjá ísbirni, skiljanlega þar sem fólk vill hafa varann á þar sem það er á ferð í óbyggðum, en það var þá kannski kind, eða skafli eða hver veit. Þá fór að kræla á þeirri hugmynd hjá mér að búa mér til ísbjörn svo ég gæti líka séð ísbjörn,“ segir Matthildur og hlær.

Um frumraun var að ræða hjá listamanninum. „Ég hafði aldrei gert mósaík-skúlptúr fyrr og auðvitað rekur maður sig á ýmislegt við gerð hans. En maður lærir líka helling á mistökunum. Það getur líka verið gaman því oft



Matthildur og ísbjörninn.

taka verkin allt aðra stefnu þegar maður rekur sig á.“

Þó að hugmyndin sé eldri byrjaði Matthildur á verkinu um páskana. „Ég bjó ísbjörninn fyrst til úr pappa til að sjá hvort hugmyndin gengi upp. Síðan tók ég til við að smíða björninn en gerði það þó eftir auganu því hann mátti ekki vera of útreiknaður þar sem dýr og menn eru ekki symmetrísk. Þannig er það líka í

mósaík að um leið og maður fer að fara eftir reglum og reynir við fullkomnun missir verkið sjarmann.“

Aðspurð hvort framhald verði á skúlptúragerð hennar segir Matthildur það vera óvíst. „Þegar ég var að fúga ísbjörninn sagðist ég aldrei ætla að gera þetta aftur,“ segir hún hlæjandi. „Það er töluvert af DNA í fúguninni, bæði blóð og sviti. En ég veit það

ekki, það væri nú gaman að gera fleiri svona verk en hafa þau þá minni. Allavega þannig að ég gæti loftað því, þó svo það væri með tveggja manna taki. Nú er framtíð ísbjarnarins alveg óráðin en ég væri jafnvel til í að selja hann og hvet alla sem hafa áhuga að hafa samband. En þetta verður bara allt að ráðast.

Annars er ég með aðra sýningu í bígerð en það eru portrettmyndir

sem byrjaði á núna í vetur. Þegar maður er listamaður í hjáverkum getur undirbúningstíminn verið langur. Það er því óráðið hvenær hún verður tilbúin.“

Sýningin í Búrinu verður út júlí og kannski eitthvað fram í ágúst. „Það fer eiginlega bara svolítið eftir því hvenær næsti listamaður vill komast að hversu lengi sýningin verður,“ segir Matthildur. – thelma@bb.is

Spurningin

Heldurðu að sumarið sé loksins komið?

Alls svöruðu 732.

Já, engin spurning sögðu 203 eða 74%
Veit það ekki en vona það sögðu 48 eða 17%
Nei, varla úr þessu sögðu 25 eða 9%.

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: NA-átt, 8-13 m/s norðvestantil á landinu en hægari annars staðar. Hiti 8-17 stig. **Horfur á laugar-dag:** Norðlæg átt með vætu norðan- og austanlands, en annars bjart með köflum. Kólnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Norðlæg átt með vætu. Kólnandi veður.

Ritstjórnargrein

Með okkar augum

Með okkar augum er þáttur sem nýverið hóf göngu sína á RÚV og vakið hefur umtal og verðskuldaða athygli; algjör nýjung í íslenskri dagskrárgerð þar sem við stjórnvölinn er fólk með þroskahömlun, hvort heldur er bak við tjöldin eða fyrir framan myndavélarnar. Þátturinn er því einstakur hvað þetta varðar. Ekki varð þó annað séð en að þar væri faglega að flestu staðið.

Ekki verður um deilt hversu miklu máli skiptir að fólk með fötlun eigi kost á að mennta sig eftir því sem hverjum og einum hentar. Áherslan sem þáttastjórnendur lögðu strax í upphafi á menntun við hæfi hvers og eins og rétt þessara þjóðfélagsþegna til náms til jafns við aðra var rík.

Öll erum við misjafnlega af Guði gerð, eins og það er alla jafnan orðað. Allt leikur í höndum sumra þótt aðrir stofni fingrum sínum í hættu við það eitt að handleika hamar. Þannig mætti með löngum lista tíunda misskiptingu vöggugjafanna sem smátt og smátt þroskast með hverjum og einum eftir því sem líður á ævina. Því miður er því þannig farið, að frá fyrstu stundu jarðlífsins verða margir að setta sig við líkamlega og/eða andlega fötlun og fá þar engu um ráðið. Í flestum tilfellum eru þessir einstaklingar eru þó ekkert öðruvísi en annað fólk hvað það varðar að eiga sínar langanir, vonir og þrár, er fram líða stundir.

„Með okkar augum er tímamótþáttur í íslensku sjónvarpi og vonandi er með honum sleginn tónn sem fær að hljóma áfram. Það er svo mikilvægt að undirstrika fjölbreytileika samfélagsins og sýna hve það er miklu ríkara einmitt vegna hans. Ég nota líka tækifærið og rifja upp slagorð fatlaðs fólks: Ekkert um okkur án okkar! nokkuð sem allir ættu að hafa hugfast sem á einhvern hátt fjalla um tilhögun mála sem varða fatlaða.“ Þessi orð velferðarráðherra, Guðbjarts Hannessonar, sem hann reit í Fréttablaðið í tilefni sjónvarpsþáttarins, eru orð sönnu.

Frá því fyrstu skrefin að stofnun Sjálfsbjargarfélaganna voru tekin hefur mörgu grettistakinu verið lyft í réttindamálum fatlaðra. Er þó enn margt sem betur má fara. Verkefnið er víðþætt en næsta víst er að rauði þráður umbótanna snýst um að hverjum og einum sé gert kleift að afla sér menntunar og þjálfunar til starfs við hæfi. Sjálfsbjargarviðleitnin er eitt það dýrmætasta sem hver einstaklingur hefur yfir að ráða; tilfinningin um að verða að gagni, geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins.

„Ekkert um okkur án okkar,“ er nokkuð sem stjórnvöld hvers tíma mega aldrei gleyma. Vonandi stuðlar þátturinn Með okkar augum að því að þannig verði að málum staðið í framtíðinni.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sölgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Emilía og Kristín með Guðbjarti Flosasyni frá Héraðssambandi Bolungarvíkur, Elíasi Jónatanssyni bæjarstjóra Bolungarvíkur, Jóni Páli Hreinssyni formanni HSV og Gísli Halldóri Halldórssyni forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Emilía og Kristín heiðraðar

Héraðssamband Vestfirðinga, Héraðssamband Bolungarvíkur, Bolungarvíkurkaupstaður og Ísafjarðarbær stóðu fyrir móttöku til að heiðra íþróttakonurnar Emilíu Arnþórsdóttur og Kristínu Þorsteindóttur. Þær Emilía og Kristín, sem báðar keppa fyrir hönd Íþróttafélagsins Ívars, stóðu sig frábærlega á Special Olym-

pics á dögnum. Þar varð Emilía í fjórða sæti í boccia og Kristín vann silfur í skriðsundi.

Móttakan var haldin á svölunum í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði að viðstöddum aðstandendum stúlkanna, fulltrúum frá íþróttafélögunum og bæjarstjórnunum Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Þær Emilía og Kristín fengu afhenda

blómvendi, viðurkenningarskjöl og árskort í íþróttamiðstöðina Árbæ í Bolungarvík.

Jón Páll Hreinsson, formaður HSV, er afar stoltur af íþróttakonunum. „Við vildum sýna þeim virðingu okkar og þakklæti fyrir þennan frábæra árangur. Þær eru HSV, Ívari, Ísafirði og Bolungarvík til mikils sóma.“

Segja hreindýr ekki smita sauðfé

Hreindýr geta ekki smitað sauðfé af riðu eða garnaveiki, að áliti sænska yfirdýralæknisembættisins sem áhugamenn um flutning hreindýra til Vestfjarða hafa beðið um. Áhugamennirnir hafa undanfarin misseri barist fyrir því að fá leyfi til slíks. Sjá áhugamennirnir nokkurn fjárhagslegan ávinning fyrir landeigendur og sveitarfélög í því að laða að hreindýraveiðimenn.

Helstu rökin gegn flutningi dýranna vestur eru hættan á riðu og garnaveiki. Yfirdýralæknir hefur sagt að þetta komi ekki til greina, auk þess sem sveitarstjórn Strandabyggðar, sem hefur fengið málið inn á sitt borð, stendur á móti þessum hugmyndum af sömu ástæðum. Magnús Ólafsson á Patreksfirði er einn hvatamanna. Í samtali við Ríkisútvarpið vitnar hann í álit

sem íslenskur dýralæknir hefur gert. Þar segir meðal annars þetta: „Engin reynsla er á því að hreindýrin hafi flutt með sér eða verið smitberar riðu eða garnaveiki. En sannleikurinn er sá að nánast engin sýnataka liggur fyrir úr hreindýrum hér á landi, hvorki úr veiðum dýrum sem komu á hreindýraverkunarstöðvarnar eftir veiðar eða fundin sjálf dauð dýr.“

Þar sem upplýsingar vantar frá Íslandi leituðu áhugamennirnir til útlanda. „Við erum að fá faglegt mat, skriflegt, frá sænska yfirdýralæknisembættinu. Fyrstu upplýsingarnar sem við fengum í gegnum síma voru þær að þeir telji ekki nokkra einustu ógn af hreindýrum gagnvart sauðfé, heldur sé hugsanlega um að ræða smitsjúkdóma úr sauðfé í hreindýr,“ segir Magnús.

Forvarnastefna Ísafjarðarbæjar afhent

Vinnu er lokið við gerð forvarnastefnu fyrir Ísafjarðarbæ og kvittuðu þeir sem komu að mótnun stefnunnar undir hana í fundarsal bæjarstjórnar. Síðan verður farið í kynningu á stefnunni og markmiðum hennar og verður henni m.a. dreift inn á heimili í sveitarfélaginu. Samfara þeirri dreifingu liggur veggspjald frammi á skrifstofu Ísafjarðarbæjar þar sem bæjarbúum gefst tækifæri að rita nafn sitt undir og staðfesta þannig forvarnastefnuna.

Kallað verður eftir því að skólar og tiltekna stofnanir bæjarins sem á einn eða annan hátt koma að málefnum barna og ungmenna móti sér stefnu í forvarnamálum

ásamt áætlun um framkvæmd, í því markmiði að innan sveitarfélagsins verði sameinast um heildstæða forvarnastefnu.

Eftirfylgni og endurmat stefnunnar verður í höndum félagsmálanefndar en henni verður framfylgt með þeim hætti að fyrir hvert ár verða sett mælanleg starfsmarkmið sem starfsfólk og íbúar geta unnið að í sameiningu.

Markmið stefnunnar eru m.a. að æska í Ísafjarðarbæ verði tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus, að stuðla að góðu andlegu og líkamlegu heilsufar íbúa og að auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.

– thelma@bb.is



Þeir sem komu að mótnun stefnunnar kvittuðu undir hana í fundarsal bæjarstjórnar.

Gjaldskrá OV hækkar um 2,8%

Orkubú Vestfjarða hefur hækkað gjaldskrá á raforku í heildisölu um 2,8%. Hækkunin gildir um alla liði verðskrárinnar nema ótrygga orku. „Þessi hækkun verðskrár er nauðsynleg til þess að mæta hækkun á heildisölgjaldskrá Landsvirkjunar um 2,8% frá 1. júlí. Þrátt fyrir þessa hækkun verður Orkubú Vestfjarða áfram með eitt lægsta aug-

lýsta raforkuverð á landinu,“ segir í tilkynningu OV.

Fram kemur á vef Orkuvaktarinnar að allir helstu orkusalar nema Fallorka hafi tilkynnt sína hækkun. Orkuveita Reykjavíkur var með sömu hækkun og OV en Orkusalan hefur hækkað sína gjaldskrá um 2,7% og HS Orka um 3,4%.

– thelma@bb.is

Ofanflóðavarnir neðan Gleiðarhjalla á Ísafirði – Drög að tillögu að matsáætlun

Ísafjarðarbær kynnir drög að tillögu að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum ofanflóðavarna neðan Gleiðarhjalla. Drögin má nálgast á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is, og á heimasíðu Náttúrustofu Vestfjarða, www.nave.is.

Tveggja vikna frestur er veittur til að skila inn athugasemdum við drögin, en sá frestur rennur út 28. júlí. Athugasemdir berist til Náttúrustofu Vestfjarða (nave@nave.is) eða til skrifstofu Ísafjarðarbæjar.

Gott starfsfólk skiptir öllu

Hörður Guðmundsson smitaðist af flugbakteríunni fyrir hátt í sextíu árum síðan, þar sem hann fylgdist andaktugur með vélum fljúga yfir bæjartúnið hjá afa hans og ömmu í Arnardal. Hörður kom nýverið niður á jörðina aftur, ef svo má að orði komast, eftir að verið í loftinu í 48 ár. Hann sagði blaðamanni frá flugástríðunni, áratugunum þar sem hann fór ekki að sofa öðruvísi en viðbúinn því að vera hringdur út í sjúkraflug og lífsviðhorfunum sem hafa fleytt honum áfram í gegnum hin ýmsu flugævintýri.

Heillaðist af sjóflugvélum

Þó Hörður sé fæddur í Reykjavík má með sanni segja að hann sé heimamaður á Ísafirði. „Ég á ættir mínar að rekja út í Arnardal, rétt fyrir utan Ísafjörð. Þar bjuggu móðurforeldrar mínir, afi og amma og þar bjó ég hluta af minni bernsku,“ útskýrir Hörður. Móðir hans var hjúkrunarfræðingur og starfaði um skeið með berkla-sjúklingum. „Hún fékk í kjölfarið berkla sjálf, svo þegar ég var strákur var ég mikið hjá afa og ömmu á meðan hún var fyrir sunnan. Ég var fyrir vestan þar til ég fór í skóla, sjö ára gamall. Eftir það bjuggum við mest-megnis í Reykjavík og ég tók mína skólagöngu þar,“ segir Hörður frá.

Hann snéri hins vegar aftur vestur á unglingsárum, að skólánámi loknu. „Þá kom ég hingað vestur að vinna og flutti svo alveg vestur rúmlega tvítugur, eftir að ég lauk flugnáminu,“ útskýrir Hörður. Hann hóf flugnámið ungur að árum, en það hafði heillað hann um langa hríð.

„Ég heillaðist mjög snemma af fluginu, bara þegar maður fór að líta til lofts þegar sjóflugvélar fóru að fljúga fyrir Arnarnesið. Maður horfði á eftir vélunum inn fjörðinn. Þetta voru þvílíkir gripir! Þetta var svolítið ævintýrlegt fyrir mann allt saman,“ segir hann og hlær við. Flug-nám Harðar hófst hins vegar fyrir dálitla tilviljun.

Sjóveikur í fyrsta fluginu

„Þegar ég var sautján ára var

ég til sjós á togara frá Reykjavík. Hann fór í slipp um áramót en ílengdist eitthvað þar. Ég fékk mér þess vegna vinnu niðri á höfn á meðan. Þetta var blíðskap-arvetur, það var gott veður og ég var alltaf að sjá þessar litlu vélar fljúga yfir höfnina til landingar í Reykjavík. Einn góðan veðurdag labbaði ég bara út á völl og fór að athuga þetta betur. Þar var ákveðið að ég færi í fyrsta flugtúrinn og þaðan varð ekkert aftur snúið,“ segir Hörður frá.

Fyrsta flugið var reyndar eftir-minnilegt fyrir fleira en flugið sjálft. „Það var svolítið hryssingslegt veður þennan dag og ókyrrð. Ég varð nú hálf sjóveikur, sko,“ segir Hörður og brosir við. Hann lét það þó ekki aftra sér frá því að halda áfram, lauk einka-flugmannsprófi vorið 1964 og settist á skólabekk um haustið. Þar tóku við námskeið í atvinnu-flugmennsku, blindflugi og fleiru. Til viðbótar atvinnuflug-mannsréttindum bætti Hörður við einu ári til náms loftsiglinga-fræðinga sem þá var starfsstétt innan flugsins. Með bættum tækjabúnaði og fullkomnari flug-vélum lagðist sú stétt hins vegar af. Námið tók dálítinn tíma, enda stundaði Hörður ætíð vinnu með-fram því.

„Maður varð að vinna fyrir öllum flugtímum og öllu, það voru auðvitað engin námslán í boði þá. Ég vann hjá Vita- og hafnarmálum sem voru þá með framkvæmdir úti um allt land, og eins á viðhaldsverkstæðinu þeirra í Kópavogi. Ég fór líka á sjó og vann svona ýmislegt, þangað til ég kláraði námið. Þá var ég rúmlega tvítugur,“ segir Hörður frá.

Eftir að hafa lokið námi hélt Hörður aftur vestur. „Þá var ég nú búinn að kynnst konunni minni, Jónínu Guðmundsdóttur. Hún er frá Bolungarvík, fædd og uppalin undir fjallinu Erni í Bolungarvík. Ég er hins vegar uppalinn undir fjallinu Erni hjá afa mínum og ömmu í Arnardal. Þetta hefur verið skrifað í stjórnu-urnar,“ segir Hörður og hlær við.

Hvattur áfram af læknunum

Flugfélagið Ernir leit fyrst dagsins ljós árið 1970. Þá hafði

Hörður dvalist í Bolungarvík einn vetur, en hann hóf rekstur sinn á Ísafirði árið 1969. „Þá var ég í samstarfi við aðila sem áttu eina litla vél, sem ég keypti helm-inginn í. Vorið 1970 stofnaði ég svo Erni ásamt nokkrum aðilum, flestum úr Bolungarvík. Auk tengdafjölskyldunnar lögðu okkur lið í upphafi nokkrir valin-kunnir menn úr Bolungarvík og frá Ísafirði, þeirra á meðal Ragnar Jakobsson frá Reykjafirði, Sveinn Jónson vélaverktaki, Hallur Sig-urbjörnsson rennismiður, Birgir Valdimarsson flugradiómaður og bókarí og Benedikt Guðmunds-son skipsstjóri,“ segir Hörður frá. „Við keyptum eina litla vél og ég var eini starfsmaðurinn, má segja. Þannig byrjaði þetta basl,“ segir Hörður, sem kveðst hafa verið hvattur til dáða af læknum fyrir vestan.

„Það er náttúrulega ekki hægt að líkja Vestfjörðum eins og þeir eru í dag við það sem var þá. Þessir lélegu vegir sem þá voru, voru flestir lokaðir í sex til átta mánuði á ári og Djúpvegurinn var ekki kominn. Enda auglýst-um við „Vestfirðingar -sparið skóna og fljúgið!“ Það voru hér-aðsskólar bæði á Núpi og í Reykjanesi sem þurftu á sam-göngum að halda. En lækarnir hvöttu mig áfram, sérstaklega Úlfur Gunnarsson sem þá var sjúkrahúslæknir á Ísafirði, því það var svo þægilegt að komast frá Ísafirði og geta lent á böllum sem voru kallaðir flugvellir inni við Djúp til að sinna sjúklingum. Við lentum inni á Bæjum á Snæ-fjallaströnd, á Melgraseyri, Arn-gerðareyri, inni í Reykjanesi, Strandsejum í Laugardal og svo var völlum í Bolungarvík og á Ísafirði og lítill völlum í Aðalvík. Það voru sjö, átta vellir í kringum Djúpið sem við þjónustuðum,“ segir hann frá.

Ernir sinnti bæði sjúkraflugi og leiguflugi, þar sem fólk þurfti að komast leiðar sinnar og flug var oft miklum mun hagkvæmara en bátssamgöngur. „Það var veruleg þörf fyrir flugið á þessum tíma. Þegar Vegagerðin byrjaði að leggja Djúpveginn þurftu verktakarnir þar til dæmis á tölu-verðri þjónustu að halda. Þeir komust auðvitað ekkert inn á Ísa-fjörð því vegurinn náði ekki þangað. Þeir breikkuðu fyrir

okkur veginn á tveimur stöðum, á Hvítanesi og svo utarlega í Skötufirði, þannig að ég gæti lent þar. Þar sótti ég bæði menn og kom með vistir og varahluti til þeirra,“ útskýrir Hörður.

„Skólarnir, sérstaklega Reykja-nes, notuðu flugið líka mjög mik-ið. Ef þeir þurftu að fá iðnaðar-menn til sín tók það allan daginn með skipi, því báturinn fór frá Ísafirði og kom við í Vigur og Æðey og Hvítanesi og Mjóafirði og úti um allt. Það fór allur dag-urinn í ferðalagið, en við vorum ekki nema tíu mínútur, kortér að skutlast á vél,“ bætir hann við. „Nemendur voru líka ferjaðir með flugi yfir á Ísafjörð eða Þing-eyri til að ná áætlunarflugi í skólafríum, til dæmis.“

Erfitt að vera heimamaður

Þó töluvert hafi verið um leiguflug á upphafsárum flugfé-lagsins var sjúkraflugið önnur veigamikil stoð starfseminnar. „Það var einn mikilvægasti þátt-urinn. Félagið var stofnað um sjúkraflug. Í upphaflegum sam-þykktum félagsins má sjá að það er stofnað með það að markmiði að sinna sjúkraflugi á Vestfjörð-um,“ útskýrir Hörður. „Flugvélin var notuð eins og sjúkrabílar eru notaðir í öðrum héruðum. Þegar mest var fórum við einhver 230 sjúkraflug á ári, en þá var að vísu einhver læknskortur í héruðum líka,“ bendir hann á.

Flugmenn félagsins voru alltaf í viðbragðsstöðu. „Við vorum alltaf tilbúnir að fara frá Ísafirði og taka upp sjúklinga, úr Djúp-inu, af Barðaströnd og Snæfells-nesi, norðan af Ströndum og allt til Blönduóss. Víðast voru flug-vellir óupplýstir fyrstu árin og var þá notast við ljós frá bílum og dráttarvélum til að lýsa flug-manninum til landingar. Þetta var farið dag og nótt og var mikil útgerð, en var nánast óstyrkt. Við fengum smá fyrirgreiðslu, en hún var engan veginn næg til að halda þessum rekstri gangandi. Sjúkra-flugið stóð fyrir einum þriðja af tekjum félagsins, leiguflugið öðrum og loks pósthugið einum þriðja,“ útskýrir Hörður, sem segir hafa verið nánast ógerlegt að reyna að knýja fram betri kjör fyrir sjúkraflugið.

„Það var erfitt að vera heima-maður í þessum rekstri. Við gát-um aldrei farið í verkfall til að reyna að knýja fram bætta að-stöðu eða þvúmlíkt. Hver segir nei ef samborgari er í neyð? Hver einasta fjölskylda á Vest-fjörðum held ég líka að þekki það á eigin skinni að við hjá félaginu höfum orðið að fljúga fyrir fjölskyldumeðlim eða ein-hvern nákominn á þessum tíma,“ segir Hörður.

Um líf og dauða að tefla

Hörður segir sjúkraflugsstarf-semina oft á tíðum hafa verið lýjandi og tekið á, ekki síst fjárhagslega. „Sjúkratrygging-arnar voru ekki farnar að taka fullan þátt fluginu, heldur þurft-um við og þá einkum Jónína kon-an mín að innheimta flugið hjá sjúklingnum sjálfum sem svo fékk 75% kostnaðarins endur-greiddan hjá sjúkrasamlaginu,“ segir Hörður. Álagið var þó síst minna á flugmennina sjálfa. „Jú, mikil ósköp. Í yfir tuttugu ár lagð-ist ég aldrei á koddann öðruvísi en að eiga von á því að vera vakinn upp um nótt. Ég fór tvis- var eða þrisvar sinnum í það sem við getum kallað heilt sumarfrí á þessum tíma, alvöru frí með fjöl-skyldunni. Það var mjög sjaldan sem við gátum farið eitthvað frá, og við vorum í þessu í heil 27 ár,“ segir Hörður. „Það var mjög mikið álag, bæði á okkur flug-mennina og fjölskyldurnar. Við reyndum reyndar að skipta þessu á milli okkar eins og við gátum eftir að við urðum fleiri. Þetta var bara eins og að vera með neyðarþjónustuna heima hjá sér. Það var bara þannig,“ bætir hann við.

Hörður og aðrir flugmenn hjá félaginu lentu sömuleiðis ítrekað í erfiðum flugum. „Sjúkraflugið var ekkert kallað til nema það lægi verulega mikið á,“ segir hann. „Við flugum mikið frá Patreks-firði, Bíldudal og Hólmavík og þessum stöðum öllum og það var oft um líf eða dauða að tefla, það verður að segjast alveg eins og er. Það var oft flogið að mörk-um hins mögulega, en við settum okkur þó aldrei í meiri hættu en sjúklingurinn var í, að mati lækn-isins,“ útskýrir Hörður.

„Þetta var allt samvinna milli



TF-ORA

okkar og læknanna í héraði. Ég held að það sé ekki eitt einasta baðstofuloft í Djúpinu sem ég hef ekki komið inn á í fylgd læknisins, þegar hann var að vitja sjúklinga. Stundum tókum við sjúklinginn með okkur aftur út eftir, til Ísafjarðar, eða að hann fékk lyf við sínum krankleika," segir hann frá.

Flugbransinn gjörbreyttur

Á þeim mörgu árum sem Hörður hefur starfað í flugi hefur margt breyst. Þeir sem ferðast mikið með flugi í dag myndu eflaust huga sig tvisvar um áður en þeir útveguðu sér leiguflyg til að komast á milli staða, eins og algengt var um ferðalanga sem áttu leið frá botni Ísafjarðardjúps í kaupstaðinn.

„Flugið og allt umhverfi þess hefur breyst alveg gífurlega mikið, verðstrúktúrinn til dæmis. Flug hefur reyndar alltaf verið nokkuð dýrt, en á þessum árum var eldsneyti mjög ódýrt og lítið skattlagt. Eftirlitsgjöldin voru líka öll miklu færri og minni. Þá var ekki kominn þessi stífi eftirlitsiðnaður sem er í dag. Hann er mjög kostnaðarsamur og það eru flugfarþegar og flugfélögin sem standa undir honum," útskýrir Hörður.

„Við höfum núna tekið upp allar reglugerðir Evrópusambandsins og í því felst að flugfélögin verða að uppfylla allar kröfur þess. Fyrir nokkrum árum var mikið að gerast í flugi á Íslandi, bæði í einkaflugi og svo störfuðu mörg lítil flugfélög víðsvegar um landið, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Allir höfðu eitthvað að gera. Á þessum tíma voru starfsmenn Flugmálastjórnar örfáir og allir hjálpuðust að við að gera flugið

eins hagkvæmt og kostur var á. Maður gat bara labbað til þeirra og rétt málin, maður við mann," segir Hörður frá.

„Í dag hefur flugrekstraraðilum fækkað stórlega, en það er her manna starfandi í mörgum deildum hjá Flugmálastjórn. Allir gera sitt besta en regluverkið er í sumum tilfellum farið að éta börnin sín, eins og byltingin forðum," segir hann.

„Í Reykjavík eru einungis tvö flugfélög í dag, Ernir og Flugfélag Íslands. Ástæðan fyrir þessari fækkun er að kostnaðurinn í flugrekstri er orðinn svo mikill og umhverfið allt svo flókið að einungis er á færi sérfræðinga á ýmsum sviðum og fólks með mikla reynslu að standa í slíkum rekstri," útskýrir Hörður. „Það er ekkert sem heitir neitt frjálsræði í honum í dag, heldur er allt njörvað niður í reglugerðum og verkferlum" segir Hörður, sem bendir á að reglugerðirnar hafi hins vegar einnig kosti í för með sér. „Öll leyfi eru vottuð og viðurkennd á Evrópska efnahagssvæðinu, svo við gætum tekið að okkur verkefni hvar sem er innan þess svæðis."

Flugið í Afríku

Hörður hefur einmitt tekið að sér ýmis verkefni utan landssteinanna í gegnum tíðina. „Við horfum alltaf fram fyrir tærnar á okkur og vorum með rekstur í útlöndum fyrir mörgum árum. Á meðan við vorum fyrir vestan var flugið í fjötrum einokunar og sérleyfishafta. Það var ekki frjáls markaður, maður gat ekki farið að fljúga hvert sem maður vildi í áætlun, heldur var það háð sérleyfum sem úthlutað voru nær undantekningalaust eftir pólitískum leiðum. Í dag er hverjum og einum heimilt að keppa á þeim

leiðum þar sem búast má við að farþegafjöldi sé yfir ákveðnum mörkum og flugrekstraraðilinn uppfyllir gæðakröfur, sem er mjög jákvætt," segir Hörður.

Fyrirtækið leitaði því á ný mið. „Við fórum í samstarf við fyrirtæki í Sviss og gerðum árið 1989 þriggja mánaða samning um flug fyrir Sameinuðu þjóðirnar suður í Kenýa. Hálfdán Ingólfsson flugstjóri frá Ísafirði sem enn flýgur hjá okkur og Þórhallur Haukur Reynisson flugmaður flugu vélinni suðureftir og hófu starfsemið," segir Hörður frá.

„Þegar samningnum lauk óskaði Alþjóðlegi rauði krossinn eftir þjónustu, hvort við gætum flogið áfram fyrir þá aðallega til suðurhluta Súdan og nágrennalanda og einnig innanlands í Kenýa. Við störfuðum í kjölfarið með svissneska félaginu í mörg ár," segir Hörður frá, en starfið leiddi hann bæði til Mozambique og Angóla.

Hann segir það hafa verið mikla upplifun að starfa í Afríku. „Hins vegar voru þetta stríðshrjáð lönd. Við skiptumst líka á að fara, flugmennirnir sem voru fyrir vestan. Við vorum kannski tvo mánuði í einu og komum svo heim. Þetta var nokkurs konar vertíðavinna," útskýrir hann.

Flugið í Afríku var ekki alls kostar ólíkt því starfi sem Ernir hafði verið þekkt fyrir á Vestfjörðum, því þar var sömuleiðis oft um sjúkraflug að ræða. „Við flugum oft með sært fólk og sinntum hjálparstarfi af ýmsum toga líka, flugum með vistir og annað," segir Hörður.

Rekstrargrundvöllinum kippt undan félaginu

Eftir að hafa haldið úti sjúkraflugi í yfir tuttugu og sex ár fóru veður að skipast í lofti í kringum

1994. „Flugið fyrir vestan var náttúrulega mjög mikilvægur þáttur í samgöngumálunum og við byggðum upp okkar þjónustu þar, reistum til dæmis stórt og glæsilegt flugskýli á Ísafjarðarflugvelli. Það var flogið fimm daga vikunnar með farþega, vörur og póst. Við flugum á Flateyri, Þingeyri, á Súganda, til Bíldudals, á Ingjaldssand, til Patreksfjarðar, með póst og vörur og farþega. Þegar vegir fóru að skána og jarðgöngin komu var hins vegar tekin ákvörðun um að hætta að fljúga á milli þeirra staða sem næst voru göngunum, sem er eðlilegt. Um 1994 var ákveðið að hætta að fljúga pósthugið á norðanverðum Vestfjörðum heldur flytja hann landveginn frá Reykjavík. Öllum samningum var sagt upp og þá breyttist rekstrargrundvöllurinn mikið," segir Hörður frá.

Á svipuðum tíma var einokun í áætlanaflygi aflétt og frjáls samkeppni tók við. Í kjölfarið lögðust flestöll landsbyggðarflugfélögin af, enda erfitt að etja kappi við stærri félög á borð við Flugfélag Íslands og Íslandsflug. „Það sem var í boði var annað hvort að sameinast þessum stærri félögum og leggja félagið sem hlutafé inn í slíkt batterí, eða þá að pakka saman og reyna að breyta strúktúrnum hjá sér," útskýrir Hörður.

„Við höfðum fullan hug á því að vera fyrir vestan, halda sjúkrafluginu áfram og reyna að verða okkur úti um áframhaldandi verkefni í útlöndum á móti, eins og við höfðum verið að gera um margra ára skeið. En þá fengust engir peningar til þess að styrkja sjúkraflugið á akkúrat þeim tíma, það var ekki pólitískur vilji til þess," segir Hörður frá. „Þá var Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra. Hún hringdi í mig og sagðist ekki trúá því að ég væri

að hætta sjúkrafluginu eftir öll þessi ár. Ég hefði staðið mig vel og hún hefði heyrð að ég væri svo skemmtilegur kall. Ég sagði bara því miður, þá væri búið að kippa stöðunum undan rekstri okkar þar sem pósthuginu væri hætt og þeim kafla lokið. Til þess að gera áframhaldandi sjúkraflug frá Ísafirði mögulegt yrði að styrkja flugið með einhverjum hætti, annars gengi það ekki upp. Ég tilkynnti að ég myndi hætta rekstrinum um áramótin 1995-1996," segir Hörður.

„Ég hafði reyndar tilfinningu fyrir því að það væri byrjað að talast við á bak við tjöldin um að það væru peningar til ef þeir færu í ákveðinn farveg - ekki endilega til okkar heimamanna, heldur var lobbíast fyrir því að allt sjúkraflug í landinu færdist til Akureyrar. Það kom líka á daginn þegar í öfni var komið að einhverjir aurar fundust til þess að halda áfram sjúkrafluginu í nokkur ár til viðbótar. Það varð þó aldrei svipur hjá sjón miðað við það sem áður var meðan Ernir ráku það á sínum heimavelli," segir Hörður.

Skipt um kúrs

Þótti honum það ekkert súrt í broti að öðrum væri greitt fyrir að halda úti þeirri þjónustu sem hann hafði sjálfur innt af hendi árum saman án mikils stuðnings?

„Jú, það má avleg segja að það hafi manni þótt leitt, eftir að hafa helgað ævistarf sitt þessu. En að öðru leyti var þetta kannski ágætis breyting. Ég fékk þarna gott tækifæri og seldi vélar félagsins fyrir gott verð, enda höfðum við alla tíð haldið þeim vel við. Við gátum gert upp allar okkar skuldir og fórum með algjörlega hreint borð og hreina samvisku frá Ísafirði," segir Hörður.

Á þeim tímamótum neyddist hann til að endurmeta stefnuna og skipta um kúrs, svo að segja. „Ég fór þá að fljúga þotum fyrir Atlanta í Þýskalandi og var þar í þrjú og hálft ár. Ég flaug mest til Miðjarðarhafsins og norður til Skandinavíulandanna. Eftir þann tíma urðu breytingar hjá Atlanta og þeir losuðu sig við vélarnar sem ég hafði flogið, Boeing 737. Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að skipta yfir á 747 vélarnar. Ég talaði við son minn, sem er flugstjóri, og spurði hann hvort honum fyndist að það væri eitthvað fyrir mig. Hann sagðist ekki halda það og framhaldi af því söðlaði ég aftur um og fór í samvinnu við gömlu vini mína í Sviss," segir Hörður.

„Ég flaug fyrir þá niðri í Afríku í þrjú og hálft ár til viðbótar, þá í Alsír. Ég var bæði að vinna innan Alsír og eins ferja fyrir þá vélar upp til Evrópu og um hvíppinn og hvappinn," segir Hörður frá. „Ég flaug líka í nokkra mánuði fyrir Atlanta austur á Filippseyji-



Hörður ásamt eiginkonu sinni, Jónínu Guðmundsdóttur, fyrir framan eina af vélum félagsins á Reykjavíkflugvelli.



um,“ bætir hann svo við. „Þetta er orðin löng saga og frá mörgu að segja!“, segir hann brosandi.

Fólk fæðst og dáið í vélinni

Það gefur auga leið að með svo langa starfsævi er baki er varla hægt að ætlast til þess að einhver flug eða reynsla standi upp úr, enda segir Hörður ekki hægt að tína til neina sérlega eftirminnilega reynslu.

„Ég held líka að hugurinn hafi eitthvað innbyggt varnarkerfi - allavega hefur það virkað þannig hjá mér. Að vísu er ekkert flug alveg eins og annað, og það lenda náttúrulega allir í misjöfnum veðrum og misjöfnum aðtæðum sem þarf að leysa úr, en einhvern veginn er ekkert sem maður getur sagt að sé sérstaklega óvenjulegt,“ segir hann. „Ég hef lent í mjög mörgu. Fólk hefur fæðst í vél hjá mér og fólk hefur dáið í vél hjá mér og allt þar á milli. Það voru meira að segja tvíburar sem fæddust hjá mér,“ segir Hörður og brosir. „Það gerðist fyrir vestan. Annar fæddist yfir

Barðaströndinni og hinn yfir Breiðafirðinum. Ég var auðvitað með lækni með mér, svo það lenti ekki á mér að taka á móti þeim,“ bætir hann við.

Þó að Hörður hafi staðið á ákveðnum tímamótum á 65 ára afmælinu nú um daginn er ekki þar með sagt að hann sé hættur að fljúga. Reglurnar segja hins vegar til um að flugmenn eldri en 65 ára skuli ekki sinna almennu áætlanaflogi. Hann heldur áfram rekstri flugfélagsins Ernis, sem nú hefur blómstrað aftur.

„Ég kom að utan árið 2002, eftir að hafa verið úti á áttunda ár. Það opnaðist allt í einu möguleiki á að vera með smá rekstur hérna í Reykjavík og það var það sem ég ætlaði mér, lítill og sætur rekstur með eina vél og kannski tvo, þrjá menn með mér,“ segir Hörður. „Svo byggðist þetta smám saman upp og ég var kominn með tvær vélar. Ég tók svo þátt í ríkisútboði á flugleiðum innanlands, sem ég vann. Það varð til þess að við fórum að bæta við vélum og stækka og ráða fólk. Í dag erum við með áætlanaflog til fimm staða á land-

inu, ríkisstyrktar leiðir á og til Hornafjarðar. Svo fljúgum við óstyrkt á Sauðárkrók og til Vestmannaeyja. Þetta vatt svolítið upp á sig,“ segir Hörður og brosir. „Við töldum okkur vita hvað við værum að gera og erum með um sextíu manns í vinnu núna og sex flugvélar í rekstri,“ bætir hann við. Þar að auki hefur Flugfélagið Ernir einnig fíkrað sig út í ferðaþjónustu, sem félagið sinnir sem stendur aðallega á Hornafirði og í Vestmannaeyjum.

Flugbakterían smitast áfram

Hörður þakkar góðu fólki að félagið standi svo traustum fótum og hafi gengið jafn vel og raun ber vitni í öll þessi ár. „Það gerist ekkert í neinum rekstri, sama í hverju, nema þú hafir gott fólk með þér. Konan mín hefur til dæmis verið með mér í þessu frá upphafi, hún hefur verið skrifstofustjóri hjá mér alla tíð og séð um peningamálin fyrir mig, í anda hinnar hagsýnu húsmóður. Henni hefur tekist það mjög vel.

Við lærðum það líka mjög fljótlega fyrir vestan að molar eru líka brauð. Við höfum aldrei verið með neina stórveldis- drauma eða sett markið of hátt. Við höfum alltaf sett okkur markið en reynt að hafa þau innan skynsamlegra marka. Það, að læra að molar séu líka brauð og hafa svolitla polinmæði hefur gert að verkum að Flugfélagið Ernir er elsta starfandi flugfélag á Íslandi í dag. Öll önnur félög hafa breytt um nafn og kennitölu á þessum tíma sem við höfum verið starfandi,“ segir Hörður stoltur.

Flugbakterían sem Hörður hefur borið með sér svo lengi hefur skilað sér áfram og flugfélagið er fjölskyldufyrirtæki í dag. „Já, sonur minn lærði flug mjög ungur. Dætur mínar þrjár fóru hins vegar allar í kennaraháskólann og hafa allar unnið sem kennarar. Ein fór í masters-nám í mannauðsstjórnun og starfar hjá N1, sú elsta vinnur hjá mér í fyrirtækinu, en var búin að vera kennari í þrettán ár þegar hún tók sér frí frá kennslu um tíma. Einn af tengdasonum mínum,

Ásgeir Þorsteinsson, maður Halldóru yngstu dóttur minnar, er svo markaðsstjórinn okkar og sér um daglegan rekstur,“ telur Hörður upp. Og ekki er nóg með það.

„Annar tengdasonur minn, Gunnar Hauksson, kvæntur Lilju Dóru, er flugstjóri hjá Icelandair, en hann byrjaði hjá okkur þegar við vorum enn á Ísafirði. Þriðji tengdasonurinn, Unnar Hermannsson, maður Sigríðar, er tengdur fyrirtækinu líka. Hann er menntaður stjórnmálafræðingur og hefur starfað við fyrirtækjaráðgjöf og slíkt, svo ég hef fyrirtækjaráðgjafa innan fjölskyldunnar. Svo hefur nú elsta barnabarnið, Haukur Örn, sem er reyndar eitthvað að spá í lögfræði, verið að gutla við flugið líka og klárar einkaflugmannsréttindi í sumar. Við Jónína eigum fjórtán barnabörn, og ég vona að þau eigi einhver eftir að halda merkjum okkar á lofti þegar þau vaxa úr grasi,“ segir hann að lokum og brosir. Þar látum við staðar numið að sinni, enda hægt að halda lengi áfram að ræða farinn og ófarinn veg þegar Hörður á í hlut.

smáar

Járnklæddur geymsluskúr, ca 4m², fæst gefins gegn því að vera fjarlægður af lóð að Brautarholti 11 á Ísafirði. Uppl. í síma 862 3035 og 456 3035.

Til sölu er Combi Camp tjaldvagn. Uppl. í sínum 897 6742 og 862 0843.

Glæsileg, 3ja herb. íbúð, fullbúin, er til leigu í skemmri eða lengri tíma næsta vetur. Uppl. í síma 892 9282.

Er að leita að húsnæði á Ísafirði eða í Bolungarvík í sum-ar. Má vera herbergi, íbúð eða hús. Uppl. gefur Jóhanna á ensku eða frönsku í síma 653 8118.

Ólögleg netalögn

Tvö net voru lögð ólöglega í sjó rétt innan við Langeyri í Álftafirði um fyrri helgi. Annað þeirra var silunganet, sem bannað er að leggja á boðuðum banndögum, en hitt var laxanet sem er alltaf ólöglegt.

Silunganetið var fisklaust en einn lax í hinu netinu.



Hljóðvarnargler
Dregur úr
hljóðmengun.

www.samverk.is
samverk@samverk.is



Sagnalistin lifir alltaf

Víkuna 24. til 30. júlí verður Þing norrænna sagnapula haldið á Núpi í Dýrafirði. Þar flykkjast að sagnaþulir frá Norðurlöndunum og nemendur sem hafa hug á að læra þá ævafornu list að segja sögur. Boðið verður upp á fjölda námskeiða sem tengjast sagnalist og miðlun efnis í mæltu máli. Á meðal kennara á þinginu er Einar Kárason rithöfundur, sem sagði blaðamanni frá sinni reynslu af sagnamennsku og þeim grundvallarmisskilningi að sagnalist sé

eitthvað sem þurfi að „endur-vekja“.

Af Íslendingasögum og Kúbudeilunni

Þing norrænna sagnapula er nú haldið í nítjándra sinn, en fyrst var blásið til fundar í Svíþjóð árið 1993. Það hefur einu sinni áður verið haldið á Íslandi, en þá að Reykjum í Hrútafirði. Þingið er eins og áður opið öllum áhugasömum nemendum. Þáttakendur

koma frá öllum Norðurlöndunum og úr hinum ýmsu starfsstéttum, enda getur listin að segja sögur komið sér vel í hvaða starfi sem er.

Í boði eru afar fjölbreytileg námskeið. Kennarinn og sagnaþulan Sue Hollingsworth fjallar til dæmis um fornar furðusögur, á meðan sagnamaðurinn og sálfræðingurinn Ulf Árnström kennir listina að ljá mannkynssögunni líf. Á námskeiði hans spreyta nemendur sig til dæmis á því að gera

frásagnir af Kúbudeilunni grípandi og áhugaverður. Leikhúsfraðingurinn Kristin Lyhmann kennir svo námskeiðið Lífsins ævintýr, þar sem hún leiðbeinir þeim sem vilja læra að segja sögur úr eigin lífi á eftirminnilegan máta.

Það væri undarlegt að fjalla um norræna sagnalist, og það í Dýrafirði, án þess að Íslendingasögurnar beri á góma. Námskeiðið sem Einar Kárason kennir ber enda yfirskriftina Íslendingasög-

Byltingin etur börnin sín

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Sumarið er komið um allt land. Það hefur leikið við okkur Vestfirðinga síðustu daga. Loksins, kann einhver að segja. Auðvitað standa vonir okkar til þess að framhald verði á. Okkur langar öll til þess að bjart verði framundan, þótt nú sé daginn tekið að stytta. Náttúran er söm við sig, bæði auðsæ og óútreiknanleg. Sumar sýnir sig oftast þann árstíma sem því tilheyrir og veturinn er andstaða þess. Vorin og haustin eru óvissari. Og náttúran leikur líka á okkur með hamförum, eldgosum, jarðskjálftum, snjóflóðum og skriðuföllum, auk óveðurs af öllu tagi. Þetta vitum við og reynum að búa okkur undir þótt misjafnlega gangi. Við fögnum góðu sumri og óskum þess að það standi sem lengst. En við viljum líka sumar í efnahagsmálum, þótt það láti á sér kræla. Á sama tíma og lítið bolar á hagvexti er erfitt að fá fólk til starfa við framkvæmdir á hálendinu. Hvers vegna?

Það vekur furðu að svo sé þegar atvinnuleysi leikur á bilinu 8-10% á Íslandi. Er það svo að atvinnuleysisbætur séu of háar miðað við laun, einkum lágmarkslaun, að betri kostur sé að sleppa því að taka störfum, en að sleppa atvinnuleysisbótum? Ræður kerfi skattsins á Íslandi ekki við að fylgjast með hverjir greiða keisaranum það sem keisarans er? Varla getur það verið, þó sá grunur læðist að með nokkrum krafti. Er svört atvinna til hliðar, eitthvað sem er í gangi hjá hluta fólks? Hvar eru framkvæmdir að eiga sér stað til að skapa grundvöll hagvaxtar? Þeirra sér ekki mörg merki. Þó geta Vestfirðingar vel

við unað. Innanríkisráðherra lítur til okkar ásamt ríkisstjórninni og vegaframkvæmdir og brýr eru á leiðinni. Hann styður okkur líka í því að flytja ekki flugvöllinn úr Vatnsmýri í Reykjavík. Mýri þá telja Reykvíkingar einkaeign sína, óháð þjóðarhag.

Eftir hrun voru margir reiðir og reiðin braust út í búasáldabyltingunni, sem leiddi til þess að skipt var um ríkisstjórn og efnar var til kosninga og þá komu nýir valdhafar að stjórnartauum. Ný ríkisstjórn með norræn velferðarmarkmið tók við. Mörg okkar bíðum enn árangurs. Ekki er efast um göfugan tilgang, en það bolar ekki mjög á endurreisn. Það er eins og ósamstaða komi í veg fyrir að Íslendingar nýti tækifærin til þess að endurreisa þjóðlífið, bæði hvað snertir efnahag og siðferði. Við sjáum fólk sem taldi sig vera nýtt afl til framfara þeytast um heiminn á bestu farrýmum flugfélaga í stað þess að hefja upp hag almúgans á Íslandi. Vinstri ríkisstjórn á Íslandi er ósammála um aðferðir og á öndverðum meiddi um eitt meginmarkmið ríkisstjórnarinnar, það að ganga í Evrópusambandið. Sumir vilja gerbreyta fiskveiðistjórnun í bága við þá sem stunda fiskveiðar með lagasetningum á Íslandi, eða innan frá. Aðrir vilja afhenda stjórn fiskveiða Evrópusambandinu, breyta utan frá. Hverju eigum við almúgin að trúa? Að byltingin hafi enn einu sinni etið börnin sín, að við séum svo ófullkominn að geta ekki lagað ástandið og treystum útlandingum eina ferðina enn fyrir fjöreggi okkar?

urnar og miðar að því að finna í þeim sögur, af göldrum eða ást-um eða illum örlögum eða hverju því sem heillar sögumanninn, sem henta vel til munnlegrar frásagnar.

Mannorðið undir

„Það var leitað til mín um að kenna þetta námskeið og upphaflega var nú talað um að ég væri í viku, en mér fannst það allt of mikið. Ég hef ekki nógu mikið að segja til að fylla viku,“ segir Einar kíminn, þegar blaðamaður forvitnast um aðkomu hans að þinginu. „Niðurstaðan varð sú að ég kenni í tvo daga. Ég kem vestur á sunnudegi og fer á miðvikudegi, en þá tekur dönsk kona við,“ útskýrir Einar. Þar er á ferðinni Freyja Hvaste, danskur goðsagnafræðingur og sagnaþula. „Mér skilst að þarna verði aðallega Skandinavarnar og kennt verður á skandinavísku. Ein af ástæðunum fyrir því að þeir hóuðu í mig er örugglega sú að ég kann hrafl í skandinavískum málum og get talað þau þannig að það skilst,“ segir Einar hæversklega. „Hin er sjálfsagt að einhverjum finnst að ég segi ekki verri sögur en aðrir og kunni jafnvel eitthvað aðeins fyrir mér í því,“ bætir hann við.

Einar hefur áður brugðið sér í hlutverk kennara á námskeiðum hjá Endurmenntun Háskóla Íslands og kennt handritagerð við Kvikmyndaskóla Íslands. Þingið á Núpi verður hins vegar frumraun hans í því að kenna fólki að segja sögur, frekar en rita þær. „Ég hef aldrei prófað að kenna öðrum að segja sögur áður. Þegar þau höfðu samband við mig þurfti ég náttúrulega að taka mér umhugsunartíma og gera upp við mig hvort ég hefði eitthvað að kenna. Ég fór að hugsa með sjálfum mér - ef ég kann eitthvað í því að segja sögur, hvernig hef ég þá lært það? Ég hef fyrst og fremst lært það með því að hlusta á aðra segja sögur og með því að æfa mig sjálfur. Ég reikna þess vegna með að ég muni þarna segja einhverjar sögur sjálfur og segi nú væntanlega líka frá þeim fáu trixum sem maður kann; það er til dæmis voða gott að vita hvernig sagan endar þegar maður byrjar að segja hana,“ segir hann frá.

„Í rauninni þarf maður ekkert að vita meira, þá getur maður spunnið sig áfram,“ heldur hann áfram. „Svo mun maður náttúrulega hlusta á fólkið tala og ef ég heyrir að það gerir vitleysur leiðrétti ég það sjálfsgagt. Ég get þá til dæmis sagt að út frá minni reynslu borgar sig ekki að hafa of marga söguþræði í gangi í einu,“ útskýrir hann og hikar svo við. „Ég veit eiginlega ekkert út í hvað ég er að fara. Ég vona bara að ég lifi þetta af án þess að glata mínu mannorði um gjörvöll

Norðurlönd,“ bætir hann svo við og brosir.


Á heimavelli í Íslendingasögunum

Einar er ekki alls ókunnugur Íslendingasögunum. „Ég hef náttúrulega bæði skrifað um hann og fjallað um hann á annan hátt, svo ég er sæmilega á heimavelli þar,“ segir hann. Bækur Einars, Óvinafagnaður og Ofsi, vöktu til að mynda mikla eftirtekt þegar þær komu út, en þar leitaði rithöfundurinn í rann Sturlungu. „Ég hef líka verið með sögu- stundir í Landnámssetrinu í Borgarnesi, þrjár ólíkar sögu- stundir. Ein þeirra var líka upp úr Sturlungasögu. Þá stóð ég á gólfinu í einhver þrjátíu skipti innan um fullan sal af fólki, og sagði sögur upp úr Sturlungu í svona tvo klukkutíma,“ segir Einar frá, aðspurður um hvort auðvelt sé að finna efnivið til munnlegra frásagna í Íslendingasögunum. „Svo hefur maður náttúrulega oft sagt út- lendingum kjarnann úr sögum, eins og Grettis sögu, til dæmis. Maður veit alveg hvað það er í sögunum sem hrífur fólk, sem ekki þekkir þær þeim mun betur,“ heldur hann áfram. „Ég er líka mjög vel kunnugur mörgum öðrum af þessum fornu sögum. Ég mun hins vegar örugglega leggja áherslu á Sturlungasögu, af því að enginn út- lendingur þekkir hana. Hún er ekkert þýdd og það þekkja hana svo fáir. Þar er maður algjörlega á heimavelli og getur logið hverju sem er, þess vegna,“ segir hann glettinn.

En er einhver afgerandi munur á því að segja sögu eða skrifa hana? „Ég held að grundvallar- prinsippin séu að mörgu leyti þau sömu - hvernig maður byrjar sögu, byggir hana upp og endar hana,“ segir Einar. „Þegar maður skrifar skáldsögu er það hins vegar geysilega þróað og merki- legt form, að því leyti til dæmis að skáldsaga þolir svo rosalega útdúrá og rúmar svo feiknalega mikið. Sögd saga er hins vegar þannig að menn verða að halda þræði, nema náttúrulega þegar á þarf að halda að rugla fólk í rím- inu, svo að sagan verði ekki fyrirsjáanleg. Maður heldur sig yfirleitt við mun einfaldari sögulínu í mæltu máli en skrifuðu. Alla- vegna eins og ég geri þetta,“ útskýrir hann.

Vill ekki líkjust þjóðdansasfélaginu

Það er tilfinning blaðamanns að meira hafi borið á sagna- mennsku og sagnaþulum í um- ræðunni síðustu misserin en oft áður, rétt eins og fólk sé að verða meðvitaðra um verðmætin sem fólgin eru í sagnalistinni. Einar vill samt alls ekki kannast við að



hér sé um nokkurs konar endur- vakningu að ræða. „Hérna kemur að punkti sem ég hef dálítið tvíbenta afstöðu til. Sums staðar - og þetta veit ég, ég hef fengið einhver bréf og beiðnir um að koma - eru menn að „endurvekja“ eitthvað sem þeir halda að sé gömul sagna- mennska. Þegar ég fer að skoða þetta nánar sé ég svo að menn eru þá að klæða sig upp í gömul föt, gera sér upp einhvern skrýtinn talanda og helst að segja sögu úr einhverju litlu þorpi þar sem pósturinn hjólar hjá og lög- regluþjónninn gengur blístrandir um göturnar...“ segir hann. „Þetta minnir mig á þjóðdansa- félagið. Það er að segja, að menn eru á þennan hátt að reyna að endurvekja eitthvað sem allir eru hættir að gera. Þá er þetta bara til í litlum klúbbum, fólk hittist svona í „þjóðdansasfél“. Sagna- listin, frásagnarlistin held ég hins vegar að sé eitthvað sem alltaf er lifandi og alltaf mun verða til, svo lengi sem mannkynið er til,“ segir Einar, sem þverturur því

fyrir að þurfi að endurvekja nokk- uð sem tengist listinni að segja góðar sögur.

Sagnaþulir fyrir- finnast alls staðar


„Besta skilgreiningin á dýra- tegundinni Homo sapiens er „dýrið sem segir sögur“, því við erum eina dýrið sem segir sögur. Og það er kannski það sem gerir okkur mennsk. Fyrir vikið lifum við ekki bara í núinu. Við höfum skilning á fortíðinni og getum reynt að átta okkur á framtíðinni líka,“ útskýrir Einar, sem bendir að auki á að sagnaþulir fyrirfinn- ist mjög víða. „Það er allt morandi í skemmti- legu fólki alveg sama hvar maður kemur. Maður getur lent í leigubíl þar sem það hreinlega velta sögur upp úr manninum undir stýri af manneskjum og málefnum, eða farið í boð og þar er alltaf einhver sem kann einhverjar skemmti- legar sögur. Auðvitað hefur það fólk orðið oftar en aðrir, því að

fólk hefur meiri áhuga á að hlusta á þá sem eru góðir í að segja sögur. Þetta er alltaf lifandi. Sagnaþulir eru allra síst í skinn- klæðum einhvers staðar að segja sögur,“ segir hann. Sjálfur leggur Einar þess vegna áherslu á að gera sér hvorki upp talanda né látbragð þegar hann segir sögur. „Mín aðferð er sú að maður notar það mál sem maður talar og notar sjálfan sig sem rödd og verkfæri. Og svo segir maður sögur af því sem er að gerast í kringum mann eða maður hefur upplifað á einhvern sér- stakan hátt - í gegnum lestur, til dæmis, eins og þegar ég segi sögur upp úr Sturlungu. En það er ekkert verið að endurvekja eitthvað sem er dautt, og þetta er alls ekki eitthvað fólklórískt gríð- land eða eitthvað svoléiðis. Sagnalistin er lifandi og mun all- ta af verða lifandi,“ ítrekar hann að lokum. Nánari upplýsinga um Þing norrænna sagnaþula og nám- skeiðin sem þar eru í boði má afla sér á síðunni sagnating.123.is.



Slegið var upp veislu í Ísafjarðarhöfn er skipið kom í land með metaflann.

Krossgáta *Catalina* og Vestfirðinga.
Höfundur: Hafliði Magnússon frá Bíldudal.



Mettúr hjá Júllanum

Í síðustu viku kom Júlíus Geir-mundsson ÍS í land á Ísafirði með metafla. „Ég held að allir togarar hringinn í kringum landið séu með góða túra núna,“ segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru. Uppistaða aflans var ufsi eða um helmingur hans. „Það var mok-veiði af ufsa út á Hala í viku til tíu daga,“ segir Sverrir.

Áhöfninni var vel fagnað í Ísafjarðarhöfn þegar komið var að bryggju og slegið upp veislu með tertum og öðru góðgæti. Þar komu saman hátt í 100 manns –

öll áhöfnin, bæði í landi og þeir sem voru að koma heim, og fjölskyldur þeirra, þeir sem þjónusta skipið og fjöldi annarra sem koma að útgerðinni. „Þetta var mjög skemmtileg stund í mjög góðu veðri,“ segir Sverrir.

Aflinn var 640 tonn upp úr sjó, sem nemur 370 tonnum í afurðum. Veðið ferðin tók 26 daga og skipstjóri var Ómar Ellertsson. Skipið verður á makrílveiðum í næstu veiðiferð þar sem aðrar aflaheimildir eru uppnar eftir metttúrinn.

– thelma@bb.is

Lausn á síðustu krossgátu



Kartöflusalat frá Perú og Guacamole

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo ljúffenga og framandi rétti. Fyrst er það Causa Limena sem er kartöflusalat að hætti Perúbúa en síðan er það uppskrift að hinu vinsæla Guacamole.

Causa Limena (Kartöflusalat frá Perú)

Fyrir 4-6

1 kg kartöflur, soðnar og skrældar
1 eða 2 tsk cayenne pipar til að kartöflurnar bragðist vel
1 tsk túrmerik
1 matskeið salt
2 matskeiðar olía
Safa úr 1 sítrónu
2 avókadó, afhýdd og skorin

í þunnar sneiðar
1 / 4 bolli rauðlaukur, skorinn í mjög þunnar sneiðar
1 þroskaður tómatur, skorinn í þunnar sneiðar
1 / 4 bolli majones eða 250 ml sýrður rjómi
½ kjúklingabringa sem er soðin og skorin í lengjur (einnig hægt að nota í staðinn túnfisk í dós eða rækjur
2 egg harðsoðin
Ólífur

Blandið í skál; kjúkling með majonesi, lauk, salt og pipar (eða öðru grænmeti sem þú vilt bæta við). Kryddið kartöflur með chili dufti eða cayenne pipar, túrmerik, salti og olíu. Bætið einnig við

safa af límónu, en passið að gera ekki kartöflurnar of blautar. Kartöflurnar eiga að vera stífar, tilþörlulega sléttar, og mjög vel kryddaðar. Látið kólna niður í stofuhita, ef það er ekki nú þegar orðið kalt.

Berið olíu á ferkantað mót. Setjið helming kartöflublöndunnar á botninn og myndið slétt yfirborð. Setjið kjúklingablönduna yfir. Þá er bætt við öðru lagi af kartöflum, nú með avókadó-sneiðum og síðan kartöflum ofan á og slétið þar til efsta lagið er orðið flatt. Þetta á að vera í líkingu við lagköku. Kælið og skreytið síðan með ólífum, eggjum og majonesi.

Þetta verður mjög stíft þegar



kalt.

Heimalagað Guacamole

2 avókadó
½ laukur saxaður fínt
Safa úr 1 sítrónu
1 tómatur saxaður fínt
Salt

Takið börkinn og steininn af


avókadóinu og merjið það, bætið við lauk og tómötum, þá sítrónusafa, og loks salti. Og þá er tilbúið guacamole sem getur fylgt hvaða máltíð sem er.

Ég skora á Hennu Riikku Nurmi á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.



Glatt á hjalla í saltfiskveislu

Glatt var á hjalla í saltfiskveislu Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði þann 2. júlí. Þá dunuðu djasstónar er fólk gæddi sér á saltfiskréttunum sem matreiðdir voru af Magnúsi Haukssyni og lærisveinum hans á muurikkapönnum undir berum himni. Ekki var annað að sjá en að gestir skemmtu sér vel.



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is

Betri þjónusta í Vörðunni

Varðan er vildarþjónusta fyrir viðskiptavinum Landsbankans. Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.

Kynntu þér Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

